



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1058
komudagur 24. 2. 2006

Reykjavík, 23. febrúar 2006

R06020072

175

ÓKH/isg

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Þórshamri við Templarasund
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. og 436. mál, opinber hlutafélög

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu frá 17. þ.m. um frumvörp til laga um opinber hlutafélög, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 10. s.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir



Borgarráð

Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög og frumvarp til laga um hlutafélög, 436. mál, opinber hlutafélög

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent Reykjavíkurborg til umsagnar tvö frumvörp til laga um hlutafélög, opinber hlutafélög, 404. og 436. mál. Frestur til að skila umsögnum um frumvörpin er til 23. febrúar n.k.

Undanfarin ár hefur það færst mjög í vöxt að stofnuð séu hlutafélög til að fara með verkefni opinberra aðila. Enda hlutafélagaformið að mörgu leyti mjög aðgengilegt rekstrarform. Þótt telja verði þarft að fram komi frumvörp sem miði að því að skilgreina sérstöðu opinberra hlutafélaga og rétt hluthafa, kjörinna fulltrúa og almennings til upplýsinga um málefni slíkra félaga er vakin athygli á því að þau sjónarmið sem eiga við um hlutafélög í opinberri eigu eiga ekki síður við um fleiri fyrirtækjaform. Er þar fyrst að nefna sameignarfyrirtæki en bæði Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur eru sameignarfyrirtæki. Þá eru Faxaflóahafnir sf. sameignarfélag. Um sameignarfyrirtæki og sameignarfélög gilda, eins og um hlutafélög, reglur einkaréttarins en ekki opinbers réttar. Ef talið er tilefni til að setja sérstök lagaákvæði um hlutafélög í opinberri eigu, þ.m.t. upplýsingaskyldu félaganna til kjörinna fulltrúa og almennings, er ekki síður þörf á að samskonar ákvæði verði látin gilda um annað fyrirtækjaform á einkaréttarsviði í eigu opinberra aðila. Miklu skiptir að sveitarfélög hafi fullt svigrúm til að velja það fyrirtækjaform sem hverju sinni hentar tilteknun rekstri sveitarfélagsins. Því er mikilvægt að það séu ekki mismunandi ákvæði um upplýsingaskyldu fyrirtækjanna sem ráði slíku vali heldur það rekstrarform sem hentugast þykir hverju sinni.

Þá verður að telja eðlilegt í ljósi stjórnarskrárvarins sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna að samráð sé haft við sveitarfélögin áður en sérstök lagaákvæði eru sett um slíka aukna upplýsingaskyldu og annað sem sérstaða slíkra fyrirtækja kallar á. Slíkt samráð ætti m.a. að taka til þess hversu langt beri að ganga í lagasetningu, hvaða svigrúm sveitarfélög eiga hugsanlega að hafa til að kveða á um upplýsingaskyldu einstakra fyrirtækja í samþykktum þeirra o.s.frv. Með vísan til framansagðs er ekki tilefni að svo stöddu til að gera efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpanna tveggja

Kristbjörg Stephensen, hdl.
skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu